

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 200/2019

2022/EES/77/18

frá 10. júlí 2019

um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun (ESB) 2017/1132 fellir úr gildi tilskipanir 82/891/EBE ⁽²⁾, 89/666/EBE ⁽³⁾, 2005/56/EB ⁽⁴⁾, 2009/101/EB ⁽⁵⁾, 2011/35/ESB ⁽⁶⁾ og 2012/30/ESB ⁽⁷⁾, sem hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella þær brott úr samningnum.
- 3) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Ákvæði XXII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta 1. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB):

„**32017 L 1132:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1132 frá 14. júní 2017 um tiltekna þætti félagaréttar (Stjtið. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 46).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Umbreytingarráðstafanirnar sem fram koma í 160. gr. skulu einnig gilda að því er varðar EFTA-ríkin.
- b) Eftirfarandi er bætt við I. viðauka:

„– Ísland:

hlutafélag,

– Liechtenstein:

Aktiengesellschaft,

– Noregur:

allmennaksjeselskap“.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 169, 30.6.2017, bls. 46.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 378, 31.12.1982, bls. 47.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 395, 30.12.1989, bls. 36.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 110, 29.4.2011, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 74.

c) Eftirfarandi er bætt við II. viðauka:

„– Ísland:

hlutafélag, einkahlutafélag, samlagsfélag;

– Liechtenstein:

die Aktiengesellschaft, die Gesellschaft mit beschränkter Haftung, die Kommanditaktiengesellschaft;

– Noregur:

aksjeselskap, allmennaksjeselskap“.

2. Texti 2. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/30/ESB), 3. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (2011/35/ESB), 5. liðar (sjötta tilskipun ráðsins 82/891/EBE), 8. liðar (11. tilskipun ráðsins 89/666/EBE) og liðar 10e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB) fellur brott:

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2017/1132, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júlí 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júlí 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.